



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

## Gróðurfar á vegarstæðum við Hauksstaði og Hvanná á Jökuldal

Guðrún Á. Jónsdóttir  
Kristín Ágústsdóttir  
Sigurjón G. Rúnarsson

Unnið fyrir Vegagerðina

NA-39  
Neskaupstaður  
Ágúst 2001

## **Efnisyfirlit**

Inngangur.....	<b>2</b>
Gagnasöfnun.....	<b>2</b>
Niðurstöður .....	<b>2</b>
Lýsing gróðurlenda.....	2
Hauksstaðir .....	2
Hvanná .....	2
Tegundir.....	3
Umræða og ályktanir .....	<b>3</b>
Heimildir.....	<b>3</b>
Viðauki - tegundalistar	
Kort - Hvanná	
- Hauksstaðir	

## Inngangur

Að beiðni Veggerðarinnar var gróðurfar kannað á fyrirhuguðum vegarstæðum vegna breytinga á Þjóðvegi 1. við Hauksstaði og Hvanná á Jökuldal. Í þessari skýrslu er gróðurfari á athugunarsvæðum lýst og lagt mat á verðmæti gróðurs.

## Gagnasöfnun

Vettvangsathugun fór fram 28. ágúst 1999. Vegarstæði voru gengin og helstu gróðurlendum lýst og þau afmörkuð á korti. Við vettvangsathugun var gert ráð fyrir að nýr vegur lægi í nýju vegarstæði við Hvanná og Hauksstaði.

Háplöntutegundir voru einnig skráðar á vegarstæðum og leitað eftir hvort þar væri að finna sjaldgæfar tegundir. Leitað var í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir upplýsingum um hvort sjaldgæfar tegundir hafi áður fundist á athugunarsvæðunum.

## Niðurstöður

### *Lýsing gróðurlenda*

#### Hauksstaðir

Austan við Hauksstaðtúnið er gras- og sefmói og er snarrótapunktur áberandi þar ásamt fleiri grösom, móasefi og ýmsum blómjurtum. Ofan og innan Hauksstaðatúnið eru grónar brekkur. Grasbrekkur og þursaskeggsmóar eru þar mest áberandi og brekkurnar eru þurrar nema litill mýrarblettur sem er neðst í brekkunni rétt ofan við bæinn. Í grasbrekkunum eru grastegundir svo sem vingull og língresi. Þursaskegg er einnig áberandi víða í brekkum og talsvert af blómjurtum svo sem ljónslappa og möðrum. Uppi á melkollum fyrir ofan eru torfur af holtasóley. Í mýrarblettinum ofan við bæinn vaxa tegundir eins og klófifa, mýrelfting, mýrastör og vetrarkvíðastör.

#### Hvanná

Neðan við núverandi veg, við fjárhúsin utan við Hvanna I, eru melhólar vaxnir frekar gisnu grasi. Þessir hólar hafa greinilega verið græddir upp. Á milli hólanna í dældum er graslendi með smávegis af bláberja- og krækilyngi, möðrum og þursaskeggi.

Ofan við núverandi veg eru einnig melhólar vaxnir grasi, þursaskeggi og móasefi en á milli eru blettir af fjalldrapa- eða lyngmóa. Utan í melhólum eru víðast grasbrekkur þar sem língresi og vinglar eru algengustu tegundirnar. Snarrótarpunktur er sums staðar á börðum og fjalldrapi áberandi í móaræmum milli hóla. Þursaskegg og móasef ásamt hærnum og ljónslappa eru einnig áberandi. Kollar melhólanna eru lítið grónir en slitróttar holtasóleyjabreiður sjást þar þó víða. Landið er talsvert beitt bæði mólendi og graslendi.

Ofan við túnið við bæinn Hvanná I er gisin mói þar sem lyng og fjalldrapi eru áberandi en á milli er gras- og sefmói. Innan girðingar ofan við túnið er graslendi með móasefi, dálitlu bláberjalyngi og fjalldrapa. Á melum eru torfur af holtasóley en lítið um mosa.

Ofan við bæinn á Hvanná I er litill mýrarblettur nálægt fyrirhuguðu vegarstæði þar sem mýrastör, hrossanál og fifa eru áberandi.

Í árgilinu við Hvannána er aðallega graslendi blandað með þursaskeggi og lyngblettir á milli. Innan við Hvannána tekur við mýrarhjalli á því svæði sem fyrirhugað er að

vegurinn liggja. Helstu tegundir þar eru mýrelfting, hálmgresi og mýrastör. Einnig er nokkuð um bláberjalyng og hengistör og fjalldrapa á kafla. Ofan við mýrina er þurr mói með grasi og dálitlum fjalldrapa á köflum.

Vegarstæði liggur áfram til vesturs um lyngmóa þar sem bláberjalyng er mest áberandi. Því næst tekur við gras- og þursaskeggmói. Austan og ofan við Hvanná II er síðan aftur mýri. Þar eru mýrelfting, bláberjalyng, mýrastör og engjarós áberandi tegundir. Mýrin er þýfð og nokkuð blaut.

Ofan við Hvanná II er þursaskeggsmói og dálitlir flákar af fjalldrapa. Þaðan liggur nýja vegarstæðið um tún þar til það sameinast aftur núverandi vegi innan (vestan) við túnin á Hvanná II.

### **Tegundir**

Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem hafa verið friðlýstar eða settar á valista við gróðurskoðun 1999 (Viðauki - tegundalistar). Ekki er heldur að finna upplýsingar í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands um að friðlýstar tegundir eða tegundir á valista hafi verið skráðar áður á þessum svæðum.

### **Umræða og ályktanir**

Þar sem fyrirhugað er að leggja nýjan veg við Hauksstaði á Jökuldal er einkum að finna gras- og þursaskeggsmóa. Á fyrirhuguðum vegarstæðum við Hvannárbæina eru móar, melhólar, mýrlendi og tún.

Á melhólum er gróður yfirleitt gisinn og mest áberandi eru holtasóleyjarbreiður. Utan í melhólum eru graslendi, þursaskeggs- eða móasefsmóar mest áberandi og gróðurþekja þar talsverð. Milli melhólanna eru yfirleitt fjalldrapa- og lyngdældir og gróðurþekja samfelld. Dálítið mýrlendi er á svæðinu milli árgils Hvannár og bæjarins Hvanná II og smá blettur af mýrlendi við Hauksstaði. Í mýrlendinu er gróðurþekja nokkuð samfelld.

Ekki fundust sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi. Ekki er hægt að benda á sérstaklega verðmæt gróðurlendi á þessum svæðum nema helst mýrlendið en almennt má telja votlendi til verðmætra gróðurlenda þar sem þau hafa rýrnað mikið á landsvísu, vegna framræslu. Einnig má benda á að allt vel gróið land er í sjálfu sér verðmætt. Ekki fundust á athugunarsvæðinu friðlýstar tegundir, tegundir sem settar hafa verið á valista eða tegundir sem eru sjaldgæfar.

### **Heimildir**

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II.

Örn og Örlygur, Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Valisti 1, plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Óbirt.

**1. tafla.** Tegundir háplantan fundnar við gróðurskoðun á vegarstæðum við Hauksstaði 1999.

<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Lantneskt heiti</b>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Gráviðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Títulíngresi	<i>Agrostis vernalis</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vetrarkviðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

**2. tafla.** Tegundir háplantan fundnar við gróðurskoðun á vegarstæðum við Hvanná 1999.

<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Lantneskt heiti</b>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blástjarna	<i>Lomatogonium rotatum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brjóstagrás	<i>Thalictrum alpinum</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagrás	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagrás	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>

Móastör	<i>Carex rupestris</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>
Skarififill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Snarrótarpunktur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Títulíngresi	<i>Agrostis vernalis</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafifill	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Vorperla	<i>Erophila verna</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>